

Útgáfuáætlun og útboðsdagatal Íslandsbanka árið 2016 á innlendum markaði

Íslandsbanki birtir hér útgáfuáætlun og útboðsdagsdagatal fyrir árið 2016 fyrir sértryggð skuldabréf og víxla.

Sértryggð skuldabréf

- Áætluð heildarútgáfa markflokka sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka verður á bilinu 20-30 milljarðar króna á árinu 2016. Tveir flokkar, ISLA CB 16 og ISLA CBI 16, eru á gjalddaga á árinu og er nettó útgáfa ársins því áætluð á bilinu 13-23 milljarðar króna.
- Stefnt er að því að hafa útboð 11 sinnum á árinu 2016 og má sjá áætlaðar útboðsdagsetningar í töflu neðst í skjalinu. Fjárfestar geta áfram gengið út frá því að bæði verðtryggðir og óverðtryggðir flokkar verði boðnir út á hverjum ársfjórðungi.
- Tilkynnt verður um fyrirkomulag einstakra útboða í fréttakerfi Nasdaq Iceland a.m.k. 1 virkum degi fyrir útboð.
- Við lok árs 2015 var heildarupphæð útistandandi skuldabréfa bankans 51,5 milljarðar króna.
- Markflokkar sértryggðra skuldabréfa eru óverðtryggðu flokkarnir ISLA CB 19 og ISLA CB 23 og verðtryggðu flokkarnir ISLA CBI 22 og ISLA CBI 26. Til greina kemur að bæta við nýjum markflokkum á árinu.

Flokkur	Tegund	Útgefið magn	Hámarksstærð	Markflokkur
ISLA CB 16	ÓVT	2,82 ma. kr.	10 ma. kr.	Án viðskiptavaktar
ISLA CB 19	ÓVT	5,04 ma. kr.	10 ma. kr.	Já
ISLA CB 23	ÓVT	6,88 ma. kr.	20 ma. kr.	Já
ISLA CBI 16	VTR	4,00 ma. kr.	10 ma. kr.	Án viðskiptavaktar
ISLA CBI 19	VTR	7,7 ma. kr.	10 ma. kr.	Nei
ISLA CBI 20	VTR	4,12 ma. kr.	20 ma. kr.	Nei
ISLA CBI 22	VTR	3,78 ma. kr.	20 ma. kr.	Já
ISLA CBI 24	VTR	9,94 ma. kr.	10 ma. kr.	Nei
ISLA CBI 26	VTR	7,24 ma. kr.	20 ma. kr.	Já

- Arion banki, Kvika og Landsbankinn eru viðskiptavakar sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka. Viðskiptavakar skuldbinda sig til að setja daglega fram kaup- og sölutilboð í skuldabréfin og endurnýja tilboð sín innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið, þar til heildarviðskipti viðskiptavaka með sértryggð skuldabréf Íslandsbanka hafa náð 500 m.kr. að nafnvirði þann daginn. Fyrir markflokka gildir að ef útistandandi nafnvirði er minna en 10 ma. kr. skal fjárhæð tilboða vera 60 m.kr. en 80 m.kr. þegar stærð flokks hefur náð 10 ma. kr. að nafnvirði. Fyrir aðra flokka skal lágmarksfjárhæð tilboða vera 20 m.kr. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða skal breytast í samræmi við þann tíma sem eftir er til gjalddaga.

Víxlar

- Íslandsbanki mun áfram gefa út víxla í hverjum mánuði. Ávallt eru boðnir út nýir víxlar en auk þess eru eldri og styttri víxlar reglulega boðnir út samtímis. Útboðum er stillt upp þannig að skráning nýrra víxlaflokka mætir gjalddögum þeirra eldri. Heildarútgáfa víxla er óákveðin og ræðst af markaðsaðstæðum.

Útboðsdagatal

- Áætlaðar útboðsdagsetningar víxla og sértryggðra skuldabréfa má sjá í töflu hér að neðan.

Sértryggð skuldabréf	Víxlar
14. janúar	8. janúar
9. febrúar	4. febrúar
9. mars	15. mars
8. apríl	8. apríl
19. maí	12. maí
8. júní	8. júní
	14. júlí
9. ágúst	9. ágúst
15. september	8. september
18. október	6. október
11. nóvember	17. nóvember
1. desember	8. desember

- Íslandsbanki áskilur sér allan rétt til að breyta ofangreindri áætlun þ.m.t. fella niður, fjölga eða breyta útboðs dögum, breyta útgáfufjárhæð og gera aðrar breytingar eins og þörf er á, án fyrirvara. Breytingar verða tilkynntar í fréttakerfi Nasdaq Iceland.